

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Bergsstaða.*

Í breytingunni felst að skilmálar sem varða stærðir húsa breytast á þann veg að hámarksnýtingarhlutfall verði 0,03 og að þakhalli verði frjáls. Einnig er gert ráð fyrir að skilmálar nái einnig yfir lóð sem þegar var byggð þegar deiliskipulagið tók gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. nóvember 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 21. febrúar 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 8. mars 2013